

„Í blóma lífsins snerist allt um dauðann“

BÆKUR

Norwegian Wood

Haruki Murakami. 302 bls. Uggi Jónsson þýddi. Bjartur 2006.

„Þetta voru undarlegir dagar, finnst mér nú þegar ég rifja þá upp. Í blóma lífsins snerist allt um dauðann“ (28). Þegar Toru Watanabe heyrir bítlalagið Norwegian Wood hellast yfir hann tuttugu ára gamlar minningar frá því hann var ungur og einmana háskólanemi á táfúlum stúdentagarði á sjöunda áratugnum og átti erfitt með að finna sjálfan sig. Besti vinur hans framdi sjálfsmorð þegar hann var 17 ára og lét eftir sig kærustuna Naoko sem er ægífögur en á við flókin geðræn vandamál að stríða sem m.a. koma fram í því að hún getur ekki notið kynlífs. Leiðir þeirra tveggja liggja saman síðar í Tókýó og saman reyna þau að komast yfir missinn og halda áfram að lifa. En Naoko tekst ekki að púsla tilverunni saman og fer á heilsuhæli. Þau skrifast á, hann lofar að gleyma henni aldrei og Naoko lýsir meðferðinni og greiningunni sem hún veit reyndar ekki hvort einfaldar líf hennar eða flækir. Loks heimsækir Watanabe hana á hælið í þeirri von að henni batni einhvern tímann og hann geti verndað hana. Heilsuhælið er dularfullur staður þar sem lækarnir eru aðeins klikkaðri en sjúklingarnir og önnur lögmál gilda en í hversdagsheiminum. Þar er hægt að lifa lífinu án þess að verða særður eða særa aðra (92). Tilraunir Watanbe til að koma Naoko til bjargar eru árangurslausar, hún dregst lengra og lengra inn í eigin heim og hann togast á milli þess að efna loforð sitt við hana og skólasystur sinnar, Midori, sem ryðst inn í líf hans. Hún er algjör andstæða Naoko, fjörug og lífsglöð, og krefst athygli hans og ástar. Inn í söguna fléttast svo m.a. stúdentaóeirðir sem Watanbe finnst heldur yfirborðslegar, kynni hans af föður Midori sem liggur fyrir dauðanum og frásagnir af herbergisfélagi hans, Stormsveitarmanninum, en hann er það eina skemmtilega í grafalvarlegri tilveru Watanbe. Einnig kynnist hann skólabróður sínum, Nagasawa, sem gengur allt í haginn, er annálað gáfnaljós af auðugum ættum með bjarta framtíð. Með þeim tekst vinátta eins og hún getur orðið best hjá tveimur sjálfhverfum einförum. Nagasawa er maður athafna en ekki hugsjóna og hann er blendinn, í honum er bæði góðmennska og heiðarleiki en líka ósvífni, illkvittni og grimmd. Hann teymir Watanbe út í samkvæmislífið en þar er nóg af sætum stelpum og innantómu kynlífi. Unnusta Nagasawa, Hatsumi, líður honum ótryggðina en ástin sem hún ber til hans tortímir henni að lokum. Í allri þessari ringulreið reynir Watanbe að fóta sig: „Því lengur sem ég virti mannlífið fyrir mér, þeim mun ráðvilltari varð ég. Um hvað í fjáranum snýst þetta allt saman? hugsaði ég með mér. Hvaða merkingu getur þetta mögulega haft?“ (171).

Í sögunni er mikið um kynlíf og sjálfsagt hefur hún þótt býsna berorð þegar hún kom fyrst út árið 1987. Vitaskuld leika kynhvöt og kynlíf stórt hlutverk í þroskasögu ungs fólks og tæplega hægt að sleppa því efni eða segja það undir rós. Kannski er það ein skýringin á fáránlega háum sölutölum bókarinnar í Japan, formúla sem samanstendur af kynlífi, ást og geðveiki virkar yfirleitt vel. Á tvítugsafmæli Naoko hafa þau Watanabe samfarir í fyrsta og síðasta sinn og upp frá því er hann að velta því fyrir sér hvort það hafi ýtt henni út í hlydýpið. Eftir þetta skipti gengur stopult kynlíf þeirra út á að hún veitir honum fullnægingu en þiggur ekkert sjálf. Sama gerir Midori sem ekki vill þýðast hann almennilega fyrr en hann er kominn yfir ást sína á Naoko og orðinn hann sjálfur. Reiko, vinkona Naoko um fertugt af heilsuhælinu, lenti í kynlífsbremmingum sem hröktu hana út í geðveiki. Það er hún sem vekur Watanabe til lífsins á ný, ræður honum að vera hamingjusamur og sefur hjá honum áður en hún

hverfur úr lífi hans. Kynlífslýsingar Murakami eru stundum pirrandi karlhverfar en vegna erótíkunnar sem einkennir þær er honum allt fyrirgefið. Stíll bókarinnar er mjúkur, ljóðrænn og nostalgískur, hann er kannski eins og Midori lýsir því hvernig Watanabe talar: líkt verið sé að dreifa gífsblöndu, jafnt og mjúklega (56). Tákn eru víða, s.s. eldfluga sem klöngrast sífellt aftur upp hála veggj krukunnar sem hún er föst í, djúpur brunnur (algengt minni í verkum Murakami) og dimmur, þykkur skógur. Þýðingin er gullfalleg og væntanlega eftir enskri þýðingu Jay Rubin sem Murakami sjálfur blessaði á sínum tíma. Bókin hefur japanskt heiti á frummálinu (Noruwei no mori = norskur víður, skógur í Noregi) og enska heitið á íslensku þýðingunni bindur því túlkun sögunnar fullmikið við bítlalagið.

Norwegian Wood fjallar um ástina og dauðann og hvernig tíminn lækna sár þeirra sem eftir lifa – ef þeir leyfa það á annað borð. Watanabe kemst smátt og smátt að raun um að það sem er horfið kemur ekki til baka og hann tekst á við sársaukann og samviskubitið sem skýtur rótum þegar sorgin rénar (224). Hann finnur að fullorðinsárin eru á næsta leiti en Naoko er föst í æskunni, fortíðinni og sorginni sem að lokum steypa henni í glötun. Hann tekst þá á hendur ferð út í óvissuna þar sem hann glímir við sorgina og sjálfan sig. Í lok sögunnar virðist hann enn í tilvistarkreppu og óljóst er hvort hann nær sambandi aftur við Midori. Tómarúmið sem hann er staddur í má túlka bæði sem endalok alls eða upphaf nýs lífs – allt eftir innræti og bjartsýni lesandans. Norwegian Wood er kannski ekki besta bók Murakami (árið 1985 kom t.d. út hin framúrstefnulega saga *Hard boiled Wonderland and the End of the World* sem er bæði þroskaðra verk og flóknara) en hún stendur fyllilega fyrir sínu. Í henni má finna allt það sem aðdáendur Murakami leita að: einsemd, trega, ást og dulúð í djúpum, heimspekilegum og myndrænum texta sem sífellt snýr upp á sig og endurnýjast við hvern lestur.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
<http://steinunninga.wordpress.com/>